

**42. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn sunnudaginn 14. desember  
2014 kl. 17:00.**

**Fundargerð**

**Fundurinn var haldinn í síma**

Mættir: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sæunn Stefánsdóttir (SS), Berglind Hasler (BH), Páll Baldursson (PB), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB). Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) ritaði fundargerð

Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) starfandi framkvæmdastjóri sat fundinn.

**Dagskrá:**

1. Staðfesting síðustu fundargerðar
2. Fjárhagsáætlun og útsending gagna til stofnaðila
3. Sala húsnæðis Austurbrúar að Miðvangi.
4. Skammtímafjármögnun - lánsfjármagn
5. Nýsköpunarmiðstöð

Jón Björn Hákonarson setti fundinn og bauð alla velkomna.

**1. Staðfesting fundargerða**

Staðfestingu fundargerða frestað til næsta fundar.

**2. Erindi til sveitastjórna**

JÁÐ lagði fram fjárhagsáætlun 2015 þar sem búið er að taka tillit til þeirra hugmynda að hagræðingaraðgerðum sem hægt væri að fara í. Fjárhagsáætlunin hefur verið unnin af stjórnendateymi Austurbrúar. JÁÐ og JBH er falið að ganga frá erindi til sveitastjórna sem sent yrði út fyrir lok dagsins.

**3. Sala húsnæðis Austurbrúar að Miðvangi.**

Munnlegt kautilboð liggur fyrir í húsnæði Austurbrúar að Miðvangi 2-4 að fjárhæð 20 millj. kr. staðgreitt frá Námsveri ehf. Fyrir lá verðmat á eigninni upp á 20,5 millj. kr. frá Inni fasteignasölu sem hefur eignina í sölumeðferð. Að teknu tilliti til staðgreiðsluskilmála tilboðsins samþykkir stjórn tilboðið. Stjórn samþykkir að fela JÁÐ að ganga frá undirritun kaupsamnings, afsals og öll önnur skjöl er tengjast sölu félagsins á fasteigninni á grundvelli tilboðsins.

**4. Skammtímafjármögnun - lánsfjármagn**

Stjórn Austurbrúar samþykkir að fela JBH og JÁÐ að óska eftir skammtímaláni hjá SSA svo gera megi upp vörsluskatta þann 15. desember.

**5. Nýsköpunarmiðstöð**

Stjórn samþykkir að styðja Djúpavog heilshugar í viðræðum sínum við Nýsköpunarmiðstöð um að í fjórðunginn kæmi starfsmaður frá stofnuninni sem væri með aðstöðu í frumkvöðlasetrinu Djúpinu.

Stjórn leggur áherslu á að NMI hafi í huga að það fjármagn sem rann inn í NMI á sínum tíma í gegnum Norðaustur nefndina svokölluðu var eyrnamerkt í verkefni á Austurlandi og var starfseminni sérstaklega ætlað að styðja við og efla atvinnu- og nýsköpunarmál á svæðum eins og Djúpavogi.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17:00

---

Jón Björn Hákonarson

---

Berglind Hasler

---

Páll Baldursson

---

Sæunn Stefánsdóttir

---

Sigrún Birna Björnsdóttir